



SKÝRSLA STJÓRNAR 2012





ÁGÆTU FÉLAGAR

Á starfsárinu 2012 létust eftirfarandi félagar í Golfklúbb Reykjavíkur:

Ragnheiður Guðmundsdóttir
Guðjón Þorkell Hákonarsson
Arnór Þórhallsson

Vil ég biðja fundarmenn að rísa úr sætum og minnst látinna féлага.

STJÓRN GOLFKLÚBBS REYKJAVÍKUR VAR Á STARFSÁRINU ÞANNIG SKIPUÐ:

Jón Pétur Jónsson, formaður
Björn Víglundsson, varaformaður
Viggó H. Viggósson, ritari stjórnar
Helga Harðardóttir, gjaldkeri

Meðstjórnendur:

Gunnar Már Sigurfinnsson
Guðni Hafsteinsson
Helga Hilmarsdóttir

Varastjórn:

Anna Björk Birgisdóttir
Magnús Oddsson
Ragnar Baldursson

Framkvæmdastjóri:

Garðar Eyland

Haldnir voru 10 bókaðir fundir og eins og áður þá sat varastjórn
alla fundi ásamt framkvæmdastjóra.

FJÖLDI FÉLAGA

Í lok starfsárs voru félagar í GR alls 2977, sem er sami fjöldi og í fyrra. Þar af eru
heiðursfélagar og félagar með fjaraðild og aukaaðild 273 hefur fækkað um 25 féлага.

Fullgreiðandi félagar eru þá 2.678 eða 72 meðlimum færri en reglur félagsins leyfa.

Fullgreiðandi félagar eru nú 2704 en voru 2678, hefur fjölgað um 26, en ákveðið hefur
verið að meðlimafjöldi megi vera sem næst 2750 fullgreiðandi félögum.



Aldursskipting og skipting milli kynja er sem hér segir:

Piltar og stúlkur yngri en 17 ára: 236 félagar á móti 304 félögum á síðasta ári
Konur 18 ára og eldri: 787 félagar á móti 784 félögum á síðasta ári
Karlur 18 ára og eldri: 1954 félagar á móti 1888 félögum á síðasta ári

Aukaaðild, þeir sem leika aðeins litla völlinn og fjaraðild ásamt ævifélögum og heiðursfélögum eru því: 273 félagar – voru 298 félagar.

Athuga ber að áður gátu 17 ára og yngri keypt aukaaðild sem og fulla aðild en nú er bara um að ræða aukaaðild undir 17 ára.

Á biðlista 1. nóvember voru um 80 manns.

Það má segja að Golfklúbbur Reykjavíkur sé þétt setinn.

LEIKNIR HRINGIR — SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA

Vellir GR ásamt Garðavelli voru opnaðir frekar snemma vegna góðs ástands og ekki versnaði þegar nær dró sumri, því lík veðurblíða lék við okkur kylfinga sem kemur að sjálfsögðu fram í leiknum hringjum á völlum félagsins.

Grafarholtsvöllur opnaði 1. maí og þar voru leiknir hringir 36.873 á móti 32.488 eða um 13% aukning.

Korpuvöllur opnaði 21. apríl og þar voru leiknir hringir 37.998 á móti 35.071 sem er um 8% aukning.

Garðavöllur opnaði 29. apríl og þar voru leiknir hringir 18.769 á móti 19.430 eða um 3% samdráttur. Hafa ber í huga að í fyrra fækkaði leiknum hringjum á Garðavelli um 14% frá árinu á undan.

Litli völlurinn, þ.e. eingöngu seld flatargjöld: 3.530 hringir eða fækkun um 12% en þá ber að athuga á þessum velli er engin rástímaskráning þannig að spilið er mun meira, líklega um 12.000 til 15.000 hringir áætlað.

Kylfingar virðast halda sig sem næst heimavöllum sínum í dag og ferðast minna út á land, t.d. á vinavelli GR. Fórum aðeins yfir leikna hringi á vinavöllum GR.

Strandavöllur, Hellu: 940 hringir leiknir af GR-ingum á móti 1.346 hringjum í fyrra eða um 30% fækkun á milli ára en í fyrra var 25% fækkun leikinna hringa.

Þorlákshöfn: 1.163 hringir leiknir þar af GR-ingum á móti 1510 hringjum í fyrra eða um 26% fækkun á milli ára.

Hólmsvöllur Leiru: 629 hringir leiknir af GR-ingum á móti 877 hringjum í fyrra eða um 28% fækkun á milli ára

Í heildina léku GR-ingar 2.732 hringi á vinavöllum á árinu á móti 3.733 hringjum í fyrra sem er 27% samdráttur.

Mikil fækkun á leiknum hringjum á vinavöllum er mikið umhugsunarefni. Kostnaður við að koma sér á leikstað er orðin það mikill að kylfingar veigra sér við að leggja út í þann kostnað. Við verðum að endurmeta stöðuna sem allra fyrst.

Eins og áður þá verðið þið, góðir fundarmenn, að gefa mér smá tíma til að fara yfir sem flest í rekstri Golfklúbbs Reykjavíkur og hefst þá yfirferðin:



MÁLEFNI GR & REYKJAVÍKUR- BORGAR

Engir hnökrar eru á samstarfi GR við Reykjavíkurborg á því ári sem nú er að líða. GR á þó útistandandi um 20 milljónir kr. vegna framkvæmda við Korpuna á árunum 2007 og 2008. Unnið er að því að koma þeirri upphæð inn í fjárhagsáætlun borgarinnar.

Samstarf við starfsmenn borgarinnar vegna nýframkvæmda hefur verið með ágætum og vonandi verður svo áfram.

Staða á greiðslu Reykjavíkurborgar vegna samnings um stækkun Korpuvallar er þannig að 75% hefur verið greitt samkvæmt samningi og lokagreiðsla er í febrúar 2013.

FÖRUM AÐEINS YFIR ÞÆR FRAMKVÆMDIR SEM VORU Í GANGI Á UMLIÐNU REKSTRARÁRI

STAÐA NÝFRAMKVÆMDA Á KORPU

Það er engin launung á því að framkvæmdir hafa gengið með afbrigðum vel á þeim hraða sem ákveðinn var í byrjun – að gera vel, flýta sér hægt og klára verkið endanlega.

Gengið var frá nánast öllum teigum og sáð í þá. Þó eru eftir þrjár teigar sem ekki var hægt að ljúka við vegna veiðimanna og nándarsnertingu við Korpuána, þeim verður lokið alveg á næstu dögum.

Auk þess á eftir að byggja tvo hvíta teiga sem verður lokið við næsta vor.

Yfirsáð var í allar brautir og komu þær allar mjög vel út eftir þá sáningu, einnig tókst sáning í teiga mjög vel.

Í stuttu máli má segja að aðallega sé eftir frágangur og snyrting auk göngustíga á nokkrum stöðum.

Gerðar hafa verið um 34 glompur og á eftir að fjölga þeim eitthvað.

Nýframkvæmdir við stækkun Korpuvallar í 27 holur er á lokastigi. Við opnum þennan stórglæsilega völl á komandi vori og þá verðum við komin heim, eins og ég hef sagt áður.

Við héldum formannabikarinn á efri helmingi og nýrri Korpu núna um miðjan september. Það tókst með afbrigðum vel þótt fram kæmu nokkrir hnökrar sem mjög auðvelt er að laga. Ætlunin var að opna eina helgi á rennsli hins almenna félaga en því miður var það ekki hægt því brúin yfir Korpuna, á nýjum stað, var ekki komin og illgerandi að ferja alla yfir á kerru. Það var talið of hættulegt.

Mig langar aðeins ykkur til glöggvunnar að fara yfir nokkrar tölur í vegna umræddrar stækkunnar.

Í völlinn er komið sjálfvirkt tölvustýrt vökvunarkerfi sem inniheldur 210 úðara sem dreifast þannig að 47 eru settir við flatir, 70 í teiga, 87 í brautir og 6 í svokallaðar svuntur fyrir framan flatir.

Í heildina, á allri Korpu, eru um 300 vatnsdreifarar og þeim á eftir að fjölga.



Til að keyra þetta kerfi þarf rafmagn. Búið er að leggja 12 kílómetra af rafstreng og svo þarf vatnið að komast sína leið — heildarlögn eru 12 kílómetrar af vatnspípum.

Í völlinn fóru einnig 6 tonn af grasfræjum í brautir, karga sem teiga.

Vökvunarkerfið hefur nýst okkur frábærlega vegna framkvæmdanna og er gríðarlegur munur að hafa það allt sjálfvirk. Til gamans má geta þess að vatnsnotkun á nýframkvæmdarsvæði nam rúmlega 30 þúsund rúmmetrum.

Framkvæmdir á Korpussvæðinu eru meiri en 9 holu lykkjan, því ákveðið var að endurnýja jafnframt allt vatnskerfi á sjávarhluta vallarins, sem og að ganga endanlega frá göngustígum með þeim jarðvegsskiptum sem þykir þurfa, ramma þá endanlega inn til að stýra umferð eins vel og hægt er. Einnig er vert að benda á að verkið er 10 holur því ný 1 braut var tekin í gagnið núna í vor.

Heildar-framkvæmdakostnaður losar 260 milljónir kr. og þar af er gerð nýja vallarins um 220 milljónir kr. Þegar kostnaðaráætlun var gerð árið 2004 þá hljóðaði hún upp á 150 milljónir kr. Nokkrir aukapættir hafa hleypt kostnaði upp, þar á meðal sú meðvitaða ákvörðun að hafa sem flestar flatir stórar, frá um 900 fermetrum upp í um 1.150 fermetra ásamt stórum og góðum teigum sem allir eru vélvænir og auðveldir í umhirðu. Einnig voru vandamál með vatnsfrárennsli sem og aukin kostnaður við braut upp með ánni.

Reykjavíkurborg leggur fram rétt tæplega 200 milljónir kr. til gerð nýja vallarins en mismuninn þarf GR að fjármagna auk þess að taka á sig allan vaxtakostnað, því Reykjavíkurborg greiðir alltaf eftir á miðað við framgang verkefnisins.

Það er engin launung á því að að þetta mikla verk, sem nú er á lokametrunum, kostar sitt og tekur í fjárhag GR. Öll sú mikla vinna sem lögð hefur verið í verk þetta er þannig úr garði gerð að í komandi framtíð á þessi fjárfesting að skila sér í mun minna viðhaldi sem og allri umhirðu.

HUGMYNDSAMKEPPNI UM NÖFN Á KORPÚLFSTAÐARVELLINA

Ákveðið var að setja af stað hugmyndasamkeppni um nöfn á þeim þremur 9 holu lykkjum sem Korpuvöllur býður upp á. Ágætispáttaka var og gaman að finna þann merkilega samhljóm sem flestar tillögurnar báru með sér.

Fyrsta lykkjan liggur líkt og nú meðfram sjónum. Meðal tillagna komu fram nöfnin: Ströndin, Sjórin, Sundin og Vogurinn.

Önnur lykkjan liggur að mestu meðfram Korpu eða Úlfarsá, hvort nafnið sem við notum. Meðal tillagna komu nöfnin: Bakkinn, Áin, Lækurinn og svo Korpa og Úlfarsá – allt nöfn sem tengjast ánni.

Um þriðju lykkjuna komu fjölbreyttari tillögur en sá hluti vallarins er lengra frá sjónum, laustengdari ánni og í ákveðnum skilningi lengra inn í landi. Meðal tillagna voru: Landið, Víðáttan, Stekkur, Melurinn, Torgið, Brekkan og Túnið.

Dómnefnd var sammála um að vel færi á því að þau nöfn sem valin yrðu væru lýsandi fyrir aðstæður á viðkomandi svæði.

Niðurstaða dómnefndar varð sú að gera tillögu til stjórnar GR um að valin yrðu nöfnin Sjórin, Áin og Landið. Gott innbyrðis samræmi er í nöfnunum og þau eru í senn einföld og falleg og vel lýsandi fyrir höfuðeinkenni viðkomandi hluta Korpúlfstaðavallar.



Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur samþykkti tillögu nefndarinnar.

Við merkingu vallarins gefst kostur á að undirstrika sérkenni hvers hluta vallarins. Blár litur tengist ánni. Rautt endurspeglar kvöldroðan sem myndast þegar sólin sest í sjóinn. Sá guli hæfir vel sem einkennislitur landsins.

Þessa líti má nota til að merkja skorkort, fána sem og önnur vallarmerki

Haraldur Hilmar Heimisson á heiðurinn að tillögunni sem dómnefnd taldi besta.

Dómnefnd var skipuð:

Gesti Jónssyni, formaður

Birni Víglundssyni

Valfríði Möller

Ráðgjafi var Jónas Ólafsson frá Íslensku auglýsingastofunni.

KORPUVÖLLUR

Vegna framkvæmda á nýja vellinum voru allar aðgerðir í algjöru lágmarki á Korpunni og litla vellinum, þó voru eftirfarandi verkefni kláruð.

- Glompa á 17 braut lagfærð
- Haldið áfram að ramma inn og ganga frá göngustígum á 5., 9. og 12. braut
- Sett vökvunnarkerfi á 5. teig
- Sett niður gervigras við brú á 5. braut

Ekki má gleyma því að vígð var ný 1. braut sem liggur í endanlegri mynd alveg niður að Korpuánni og er hið mesta prýði, styttir gönguleið að 2. teig og allt aðgengi verður miklu eðlilegra fyrir rennsli á sjávarhelmingi vallarins.

Við getum horft björtum augum á golfleikinn á nýjum stórglæsilegum Korpuvelli næsta vor og þegar fram líða stundir og völlurinn er búin að loka sárum eftir framkvæmdir þá verður þetta einn glæsilegasti golfvöllur landsins og þótt víðar væri leitað.

Vallarstjóri á Korpuvelli og Litla vellinum er Ágúst Jensson.

GRAFARHOLT

Vegna nýframkvæmda á Korpu var ákveðið að halda aðeins aftur af framkvæmdum í Grafarholti, nota tíman til að snyrta og laga ásamt því að halda við vellinum og gera eins góðan og raun ber vitni. Þó var nokkrum verkefnum lokið og ber þar helst.

Gengið frá og settur kantsteinn við 2. teig ásamt því að laga þar í kringum. Um tilraunaverkefni var að ræða og kom það mjög vel út. Verður því haldið áfram við aðra teiga þar sem það á við.

- Aðgengi hægra megin á og við 11. flöt var lagað og endurgert.
- Umhverfi í kringum 15. flöt var lagað og endurgert ásamt göngustíg að og frá 16. teig.
- Haldið var áfram að setja holtagrjót meðfram stígum til að stýra umferð um völlinn á rétta staði.
- Glompa vinstra megin við 12. flöt endurgerður og stækkuð.

Ég held ég geti fullyrt að ástand Grafarholtsvallar í sumar var til fyrirmyndar og gaman að heimsækja og leika völlinn í svona góðu ástandi.

Vallarstjóri á Korpu og litla vellinum er Ágúst Jensson.

Þar var unnið samkvæmt þeim samningi sem er í gildi til 31. des. nú í ár.

Allt almennt viðhald sem og endurbætur í samráði við þá Leynismenn.

Við skilum vellinum í betra ástandi en þegar við tókum við honum fyrir 5 árum og öll þau verk sem okkar menn hafa klárað á vellinum eru okkur og þeim til mikils sóma .

Nú er unnið að endanlegum viðskilnaði okkar á tækjum sem tólum og vona ég að það uppgjör liggi fyrir sem allra fyrst án nokkurra eftirkasta fyrir báða aðila.

Því er ekki að leyna að þeir Leynismenn telja sig eiga inn hjá GR leigu á vélum sem notaðar voru á þeirra velli á samningstímanum, en um þann lið stóð ekkert í þeim samning sem gerður var á milli okkar fyrir 5 árum. Viðskilnaður okkar á vélum verður sá að skila þeim í sama eða betra ástandi en þegar við tókum við þeim.

Okkar von er að engin eftirköst verði af samningslitum þessum og við getum fengið að leika völl þeirra Skagamanna sem vinavöll á næstu árum.

Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur tók ákvörðun um að framlengja ekki samning þann sem um ræðir heldur stefna að því að koma heim og rækta þá velli sem félagið hefur yfir að ráða. Hafa ber í huga að rekstrarkostnaður vegna Garðavallar er um 35 milljónir kr. á ári og munar um minna.

Vallarstjóri á Garðavelli er Róbert Árni Halldórsson.

ÞEIR SEM SKIPA VALLARRÁÐ GR ERU:

Garðar Eyland
Ágúst Jensson
Birkir Már Birgirsson
Róbert Árni Halldórsson

Tengiliður stjórnar er Björn Víglundsson

BÁSAR OG GRAFARKOT – ÆFINGARSVÆÐI GRAFARHOLTI

Engar framkvæmdir fyrir utan venjulegt viðhald og eins og áður þá er Pró Golf með Bása á leigu og hefur samstarfið gengið vel.

Stjórn GR ákvað í haust að hægja á uppgreiðslu og afskriftarferli sem lokun neðstu hæðar kostaði klúbbinn og gerði að verkum að húsaleiga lækkaði um 4,8%. Þótti við hæfi að í stað 7 ára væri farin eðlilegri leið, það er afskrifa þá framkvæmd sem var gerð á fyrstu hæð Bása á 20 árum.

BÁSANEFND ER ÞANNIG SKIPUÐ:

Guðni Hafsteinsson
Helga Hilmarsdóttir
Ragnar baldursson

GRAFARHOLTSSKÁLI OG HÚSNÆÐI KORPU

Allt venjubundið viðhald fór fram ásamt því að ráðist var í miklar endurbætur á klóakkerfi Grafarholtsskála sem áætlað er að kosti um 8 milljónir. Voru endurbætur þessar að miklum hluta unnar af starfsmönnum Grafarholtsvallar.

Það er Reykjavíkurborg sem greiðir fyrir þessar endurbætur því samkvæmt þjónustusamning við borgina þá tekur hún á sig allar meiriháttar endurbætur á húsnæði klúbbsins sem þetta flokkast undir.



Húsanefnd er skipuð þeim

Helgu Hilmarsdóttur
Önnu Björk Birgisdóttur

SLÁTTUR OG UMHIRÐA KNATTSPYRNUVALLA INNAN REYKJAVÍKUR

Eins og áður þá sér GR um allan slátt og söndun á knattspyrnuvöllum innan borgarmarkanna.

RÆSING OG EFTIRLIT Á VÖLLUM GR

Nú í ár voru sex ræsar ráðnir til að sjá um allt rennsli og eftirlit á völlum GR. Hefur þetta aukna eftirlit gefist vel og leikhraði á venjulegum spiladegi verið góður en slær svo niður um leið og kylfingar fara í mót – gæti verið spennan sem því fylgir.

RÁSTÍMSKRÁNING

Aldrei hafa starfsmenn haft náðugra vor og sumar vegna rástímakvartana en nú í sumar sem leið. Virðist það kerfi sem upp er komið um lokun á netskráningu ef kylfingur mætir ekki í skráðan teigtíma, sem og boð til viðkomandi kylfings um að einhver annar en hann hafi skráð umræddan kylfing til leiks, gert það að verkum að misnotkun er í algjöru lágmarki.

Rástímakerfi því sem núna er í notkun er ætlað að tryggja meðlimum GR algjöran forgang að þeim teigtímum sem lausir eru á degi hverjum og verða kylfingar að bera virðingu fyrir þeim, sem og virða þær leikreglur sem í gangi eru.

Rástímakerfið er alltaf í sífelldri endurskoðun og er stjórn GR opin fyrir öllum tillögum sem geta hugsanlega hjálpað til.

STUTT YFIRLIT YFIR NOKKRARA NEFNDIR GR

KVENNASTARFIÐ

Því mikla starfi stýrir hún Anna Björk Birgisdóttir af miklum skörungsskap og ákveðnar hefðir hafa skapast þar með fjölbreyttu mótahaldi.

Mikil samstaða í þessum stóra hóp kemur fram í góðu starfi yfir vetrartímann þegar þær fjölmenna í hin vikulegu púttkvöld.

HEIMASÍÐU OG UPPLÝSINGANEFND

Því starfi fylgir að uppfæra og halda við okkar góðu heimasíðu ásamt því að halda utan um nettengingu félaga við GR því það er besti og fljótlegasti samskiptamáti klúbbsins við félaga sína.

Hvet ég alla félaga sem eru nettengdir til að koma þeim upplýsingum til skrifstofu GR svo hægt sé að tengja þá við okkar póstkerfi.

Guðni Hafsteinsson, Magnús Oddsson og Ómar Örn Friðriksson hafa stýrt þessu verkefni af myndarbrag.

ÖLDUNGANEFND OG RITSTJÓRN KYLFINGS

Um þau málefni hafa þeir félagar Halldór Kristjánsson og Magnús Oddsson séð alfarið af miklum ágætum.



FORGJAFAR OG AGANEFND

Því miður þá koma stundum upp forgjafar- sem agavandamál innan klúbbsins og er þá gott að hafa traust fólk til að glíma við þau verkefni sem upp koma.

Þeir félagar Jónas Valtýsson, Stefán Pálsson og Ólafur Arinbjörn Sigurðsson hafa veg og vanda af þeim málflokki og eiga þeir þakkir skildar fyrir gott starf.

GRÓÐURFARSNEFND GRAFARHOLTS

Gróðurfarsnefnd Grafarholts er í gangi og endanlaus barátta við lúpínuna ásamt allri almennri grisjun er á hennar dagskrá en nefnd þessa skipa þau: **Gestur Jónsson, Kristín Einarsdóttir, Margret Geirsdóttir.**

KAPPLEIKJA OG MARKAÐSNEFND

Mótahald var með svipuðu sniði og áður. Hápunkturinn er alltaf meistarmót klúbbsins sem í ár var haldið snemma í júlí vegna landsliðsverkefnis GSÍ.

Aðeins minni þátttaka varð í ár en í fyrra, rétt um 600 manns tóku þátt og tókst með afbrigðum vel.

Klúbbmeistari karla er Haraldur Franklín Magnús og klúbbmeistari kvenna Ólafía Þórunn Kristinsdóttir.

Mjög góð þátttaka var í öllum opnum mótum, sem og innanfélagsmótum klúbbsins, en hafa ber í huga að undanfarin ár hefur mótum farið fækkandi og teljum við okkur vera komna núna nokkuð nálægt þeim fjöld af mótum sem þurfa þykir.

Allt mótahald klúbbsins var til mikils sóma.

Markaðsnefnd sér um að afla annarra tekna en árgjalda og er einnig mikið tengd inn á mótahald klúbbsins þar með talin öll fyrirtækjaboðsmót ásamt öðrum mótum. Nefndin sér um sölu á flettiskilti sem og öllum auglýsingum á velli klúbbsins ásamt öðrum samskiptum við styrktaraðila okkar.

Við misstum okkar aðalstyrktaraðila nú á vormánuðum frekar óvænt og þá var brugðist skjótt við og náð samningum við Eimskip um að gerast okkar aðal styrktar aðili. Samningur sá er okkur mjög hliðhollur og hjálpar klúbbum við það unglínga- og forvarnarstarf sem þau samskipti ganga út á.

Vil ég fá að þakka Eimskip sem og öðrum styrktaraðilum Golfklúbbs Reykjavíkur fyrir stuðningin.

Kapleikja og markaðsnefnd skipa þeir:

Björn Víglundsson, formaður,
Gunnar Már Sigurfinsson
Ómar Örn Friðriksson markaðstjóri GR



BARNA OG UNGLINGASTARF

Starfsemi sú sem fellur undir þennan lið finnst mér persónlega vera það sem gefur mest af sér því þarna er unnið að því að finna og ala upp framtíðar kylfinga sem taka við klúbbnum. GR hefur alltaf lagt mikla áherslu á allt þetta mikla starf og sjáum við mikinn og góðan árangur í því.

Þetta starf byrjar á golfleikjanámskeiðum og endar í séræfingum hjá menntuðum kennurum sem hjálpa til við að móta og skapa keppniskylfinga og þarfa þjóðfélagsþegna sem kynnast aga og góðri umgegni við umhverfið strax á unglingsárum.

Æfingar á vegum GR koma að fleiri hundruð ungmennum á ári hverju. Árangur ársins var ágætur en þó sjáum við merki um uppskerubrest í ákveðnum árgöngum. Vandamálið er vitað og nú er framundan að laga það og ná aftur fyrri styrk í þeim árgöngum sem eru aðeins á eftir.

Árangur okkar bestu unglunga er eftirfarandi:

Saga Traustadóttir,
Íslandsmeistari í högggleik sem og stigameistari í 14 ára og yngri.

Ragnhildur Kristinsdóttir,
Íslandsmeistari í högggleik sem og stigameistari GSÍ 15-16 ára.

Stúlknasveit 15 ára og yngri,
Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ

GOLFDAGAR Í SKAMMDEGINU

Haldin var uppákoma sem bar nafnið Golfdagar í skammdeginu til styrktar unglingastarfi klúbbsins. Var þar boðið upp á vörukynningar, fyrirlestra sem og veitingasölu. Tókst þetta alveg ágætlega og skilaði nokkur hundruð þúsundum til unglingastarfsins. Sá sem átti hugmyndina og bara hita og þunga af þessu verkefni heitir Einar Indriðasson og á hann miklar þakkir skildar fyrir þetta frábæra framtak.

AFREKSSTARF GR

Það starf sem þar er unnið er í beinu framhaldi af unglingastarfi klúbbsins. Nú er að koma í ljós það mikla starf sem hófst um síðustu aldamót í barna- og unglingastarfi sem mótað á þeim tíma og síðan verið margendurbætt og meira í lagt.

Tilgangurinn er að skapa frábæran kylfinga sem einnig eru afburðafólk í því sem það tekur sér fyrir hendur, koma því vandræðalaust í gengum unglings- og gelgjuárin. Skapa góðan og agaðan þjóðfélagsþegn sem síðar lætur gott af sér leiða í þjálfun sem og stjórnun í golfklúbbnum. Þetta er sú framtíðarsýn sem við viljum sjá og nú er allt þetta að rætast meira og minna, förum aðeins yfir helstu afrek ársins.

Hæst ber að Haraldur Franklín Magnús varð Íslandsmeistari í högggleik á Strandavelli í sumar. Einnig varð Haraldur Íslandmeistari í holukeppni GSÍ. Sannarlega frábær árangur hjá þessu geðþekka og skemmtilega kylfingi sem einnig er núverandi klúbbmeistari GR. Biðin er á enda; eftir 27 löng og mögur ár kom Íslandsmeistaratitill til okkar, en ekki svo óvænt því okkar menn hafa gert harða hrið að titlinum undanfarin ár.

Stjórn GR hefur ákveðið að sæma þennan frábæra kylfing og Íslandmeistara afreksmerki Golfklúbbs Reykjavíkur og fær hann það næst þegar við komum höndum yfir hann.

Kvennasveit GR varð Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ
Ragnhildi Sigurðardóttur Íslandsmeistari 35 og eldri
Sigurður Hafsteinsson varð Íslandsmeistari í högggleik eldri kylfinga.
Kvennasveit eldri kylfinga varð Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ.



Önnur afrek voru unnin í stigamótum karla sem kvenna og verða birt í heild sinni í Kyllfingi næst þegar hann kemur út. Gaman hefur verið að fylgjast með undafarin ár og sjá að alltaf raða fleiri og fleiri GR-ingar sér í efstu sætin í hverju mótinu á fætur öðru.

Golfklúbbur Reykjavíkur á núna 9 kyllfinga sem eru í háskólanámi í Bandaríkjunum eru þar flestir á 75–100% námstyrkjum sem sýnir hvað golfið getur gefið í aðra hönd þótt ekki séu alltaf grjótharðir peningar í spilinu.

Eins og ég hef áður komið inn á þá er þetta nákvæmlega sú stefna sem klúbburinn setti sér í upphafi að tengja saman golfleik og menntun, það er þetta sem gefur þeim sem vinna mikið og óeingjarnt sjálfbodaliða starf í klúbbnum byr undir báða vængi sem og mikla gleði.

Við sjáum fyrir okkur á komandi árum marga titla koma í hús bæði í kvenna sem karla golfinu.

Unglinga og afreksnefnd skipa:

Viggó H.Viggósson, formaður
Ragnar Baldursson
Víðir Ársælsson
Brynjar Eldon Geirsson, íþróttastjóri GR

FJÁRMÁL

Fjárhagur Golfklúbbs Reykjavíkur er að rétta hægt og rólega úr kútnum eftir mörg annasöm ár. Stendur klúbburinn mjög traustum fótum og eftir næsta ár fer að sjást verulegur árangur í því að koma fjármálum þannig úr garði að lánsfjármagn verði nær horfið úr bókum félagsins og ef farið verður í framkvæmdir þá verða þær fjármagnaðar af eigin fé.

Enn hér á eftir fer gjaldkeri kúbsins, Helga Harðardóttir, yfir alla reikninga sem og útkomu liðins árs.

NEFNDARSTÖRF

Á árinu skiluðu tvær nefndir áfanga sem lokaskýrslu um þau málefni sem þeim var sett fyrir. Förum yfir niðurstöður þessara nefnda

STEFNUMÓTUN VARÐANDI MANNAFLA GR

Verkefni nefndarinnar var að fara yfir ríkjandi skipulag og gera tillögu að breyttu skipulagi á verkferlum starfsmanna GR. Finna bestu lausnir á þeim verkferlum sem í gangi eru.

Nefndin hefur nú skilað lokaskýrslu og nýtt skipurit Golfklúbbs Reykjavíkur hefur litið dagsins ljós.

Markmið

- Búa til skipulag sem hentar best við að þjónusta félagi klúbbsins á sem hagkvæmasta hátt.
- Núverandi skipulag klúbbsins er flatt og ábyrgð liggur öll á framkvæmdarstjóra.
- Mikilvægt er að skipta starfsemi upp í rekstrareiningar sem bera ábyrgð gagnvart framkvæmdarstjóra.
- Skipulagið er sett upp með einföldun og skilvirkni í huga.
- Skipulaginu er ætlað að spara í fjölda fastráðinna starfsmanna klúbbsins.
- Skipulaginu er ætlað að auka fagmennsku og gæði þjónustu GR til hagsbóta fyrir félagana.



Förum yfir helstu stærðir í núverandi skipulagi

Fjöldi stjórnenda 5

Fjöldi heilsárs -stöðugilda 14

Fjöldi sumarstarfsmanna 43

Heildarfjöldi stöðugilda 57

Vegin fjöldi stöðugilda 32

Launakostnaður 2011 140 millj. kr.

Nefndin lagði til við stjórn GR tvær tillögur og samþykkti stjórnin þá tillögu sem nefndin mælti með og sú tillaga er eftirfarandi:

Fjöldi stjórnenda 4

Fjöldi heilsárs-stöðugilda 12

Fjöldi sumar-stöðugilda 37

Heildarfjöldi stöðugilda 49

Vegin fjöldi árs-stöðugilda 28

Áætlaður launakostnaður 2011 miðað við tillöguna 120 millj. kr.

Með þessari tillögu má ná fram verulegri hagræðingu eða sem nemur 20 millj. kr. á verðlagi og launakostnaði ársins 2011. Upphæð verður hærri 2013.

Með tillögunni telja nefndarmenn, auk fjárhagslegrar hagræðingar, séu fjölmargir aðrir kostir í stöðunni.

- Skipulag verður beittara og betri verkskipting en í núverandi skipulagi
- Mannafli klúbbsins nýtist betur til ýmissa verka
- Sérhæfing aukist
- Spara megi tækjakost
- Ábyrgð verður skýr
- Spennandi störf skapist sem hæfustu fagmenn landsins á þessu sviði ættu að hafa áhuga á að sækja um.

Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur samþykkti ofangreinda tillögu nefndarinnar endanlega á stjórnarfundum um miðjan september og fól framkvæmdastjóra að setja í gang það ferli sem upp var lagt með.

Fyrsta skrefið var að auglýsa eftir Yfirvallarstjóra sem á að samtengja og bera ábyrgð á öllu grænu starfi eins og við getum kallað verksviðið. Sameina og samnýta starfsmenn sem vélakost. Ná fram hagræðingu á öllum sviðum sem snerta velli sem og aðra vinnu sem fellur til á því sviði.

Átta valinkunnir vallarstjórar eða vallarstarfsmenn sóttu um stöðuna sem var auglýst og eftir ákveðið ferli var ákveðið að ráða Ágúst Jensson, núverandi vallarstjóra á Korpu, til starfans.

Vil ég fá að bjóða Ágúst Jensson velkomin til starfans en hans bíður nú það verkefni að samtengja og ná fram allri þeirri hagræðingu sem hægt er miðað við nýja stefnumótun sem búð er að samþykkja.

Stefnumótunarnefnd var þannig skipuð

Gunnar Már Sigurfinnsson
Helga Harðardóttir
Garðar Eyland
Björn Víglundsson

Allt saman mjög reynt rekstrarfólk og eiga þau þakkir skildar fyrir vel unnið verk.



FRAMTÍÐARNEFND GRAFARHOLTS ÁFANGASKÝRSLA

Nú hefur nefnd valinkunnra manna skilað áfangaskýrslu um framtíðar stefnu fyrir golfvöllinn í Grafarholti.

Verkefnið er yfirgripsmikið og vanda þarf til verksins og gefa því góðan tíma í undirbúning sem og alla kynningu meðal allra félaga í GR.

Tvær grunntillögur voru ræddar í nefndinni að framkvæmd verksins

Fyrri tillagan

Endurbyggja golfvöllinn í Grafarholti frá grunni þar sem vellinum yrði lokað í eitt ár og allar flatir vallarins endurbyggðar, brautir lagaðar og jafnvel endurlagðar. Verkefnið tæki 12 mánuði og ekki yrði leikið golf í eitt sumar á vellinum.

Seinni tillagan

Endurbyggja valdar flatir vallarins, slétta brautir og aðra snyrtingu sem til þarf.

Unnið eftir stefnu nefndarinnar og það unnið á tíu árum, þar sem einn verkþáttur væri unnin á hverju sumri.

Hvað ber að vernda þótt ráðist verði í breytingar

1. Háir teigar, fallhæð, hæðarmunur
2. Holtið sjálft – passa að gróður taki ekki yfir
3. Grunnteikningu vallarins
4. Halda í þann anda sem Grafarholtið býður upp á
5. Byggja á góðum grunni, endurbæta en ekki bylta

Markmið

1. Grafarholtið á að vera Grafarholtið áfram, þ.e. nefndin er á því að ekki eigi að umblyta Grafarholtinu, heldur byggja á þeim grunni sem fyrir er.
2. Bæta gæði vallarins, lengja þann tíma sem völlurinn er spilaður við bestu aðstæður og gefa honum færi á að standa undir þeirri ímynd sem besta golfvelli landsins.
3. Skilgreina grunnatriði sem fara ber eftir við framkvæmdir.

Ég ætla nú ekki að fara dýpra í útlistandir eða niðurstöðu nefndarinnar heldur benda mönnum á að skýrslan í heild sinni er á heimasíðu okkar.

Það hefur komið upp sá misskilningur að loka eigi Grafarholtinu næsta vor og byrja framkvæmdir. Það er nú ekki svo því svona framkvæmd fer ekki í gang nema góður meirhluti félaga í GR sé samþykkur þeim breytingum sem á að framkvæma. Einnig verður að tryggja fjármagn sem og kynna með eins góðum hætti og hægt er þegar endanleg tillaga liggur fyrir.

Við viljum fá í gang umræðu um tillögur nefndarinnar á meðal ykkar, félagar góðir. Stjórn GR ætlar að halda kynningarfund um þetta málefni fljótlega á næsta ári.

Það liggur alveg ljóst fyrir að Golfklúbbur Reykjavíkur fer ekki í svona framkvæmd nema samstaða sé um málið og fjármögnun liggur fyrir, þá helst með sem mest eigið fé. Nú þegar liggur fyrir að við ættum á komandi árum að geta lagt til hliðar peninga sem mætti eyrnamerka endurbótum á Grafarholtinu.

Allur okkar kraftur hefur legið í að koma upp og klára stækkun á Korpu nú sjáum við fyrir endann á því verkefni. Okkar stærstu verkefni í komandi framtíð eru uppbygging á inni-aðstöðu hér við Bása sem og uppbygging á Grafarholtinu ef samstaða verður um það verkefni.



Enn ég bið ykkur enn og aftur að lesa og kynna ykkur niðurstöðu nefndarinnar og koma af stað umræðu um framtíð Grafarholtsins okkar góða því orð eru til alls fyrst.

Nefndina skipuðu

Björn Víglundsson formaður

Garðar Eyland

Margeir Vilhjálmsson

Viggó H.Viggósson

Birkir Már Birgisson

Ólafur Þór Águstsson framkvæmdarstjóri Keilis

Vill ég færa þessu heiðurmönnum góðar þakkir fyrir frábært starf en gáum að því að þetta er áfangaskýrsla og ekki búið að loka þessu verkefni .

ÁRGJÖLD OG SKIPTING ÞEIRRA

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að stíg skref í átt að meiri jöfnuðar í árgjöldum og draga saman það bil sem er í gjöldum eldri kylfinga sem þeirra yngri.

Meðalaldur féлага í GR fer hækkandi og kemur það til með að bitna á tekjum klúbbsins af árgjöldum því er nauðsynlegt að jafna þetta bil í nokkrum skrefum.

Þegar hækkun árgjalda er ákveðin þá er horft til verðlagsþróunnar í þjóðfélaginu ár hvert, er reynt að gæta hófs en engu að síður verðum við að halda í við verðbólguna og miðast tillaga að komandi árgjaldi við þá útreikninga.



NIÐURLAG

Ágætu félagar. Sumarið 2012 verður lengi í hugum manna sem eitt það albasta bæði veðurfarslega sem og vegna vallaraðstæðna og kemur það fram í mjög miklum golfleik. En eitt er það sem skyggir á, sem er félagsleg staða okkar GR-inga.

Okkur virðist alveg fyrirmanað að koma saman og gera eitthvað annað en leika golf, aldrei hefur verið jafnléleg þátttaka í Jónsmessuhátíð og bændaglímu. Við höfum orðið að aflýsa margfrægu herrakvöldi síðust þrjú árin, reynt var að boða til þorrablótis síðasta vetur en aflýst vegna lélegrar þátttöku.

Eina samkoman sem stendur óhöggðu er hið fræga meistaramóts-slútt. Óska ég hér eftir umræðu og hreinlega aðstoð við að endurvekja þorrablót, árshátíð eða jafnvel herrakvöld því ekki þarf að hafa áhyggjur af kvennakvöldunum, þær stúlkurnar hafa staðið sig með sóma í þeim efnum.

Mér finnst þetta vera svolítið einkennilegt, að í svona stóru félagi skuli ekki vera hægt að halda árshátíð þar sem bæði kynin koma saman og gera sér glaðan dag. Lýsi ég hér með eftir stuðning við endurbætt félagslíf innan GR.

Ég hef áður lýst því yfir í aðalfundarræðu minni að við gætum allt eins átt von á samdrætti í meðlimafjölda í Golfklúbbsi Reykjavíkur, sem betur fer hef ég ekki reynst sannspár en sá samdráttur sem við merkjum kemur fram í þó nokkru minna spili á jaðargolfvöllum hér í kringum höfuðborgina. Það er skiljanlegt í ljósi þess að kostnaður við að koma sér á leikstað hefur aukist gífurlega og engin merki um að það breytist.

Því er ánægjulegt að við séum að auka og bæta aðgengi okkar félaga innan borgarmarkanna og bíð ég spenntur eftir að sjá hvernig sú stækkun kemur til með að virka á allan golfleik okkar félaga.

Næsta sumar verður gleðisumar – „opnun Korpunnar og loksins verður Íslandsmót í höggleik aftur leikið innan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Mótið verður haldið á Korpunni í júlí á næsta ári og leikið á erfiðum en stórskemmtilegum velli við bestu aðstæður undir stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur.

Fyrir hönd Golfklúbbs Reykjavíkur þakka ég þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn á liðnu golf-ári, öllum þeim fjölmörgu sjálboðaliðum sem leggja klúbbum lið. Öllum stuðningsaðilum sem og starfsmönnum og veitingamönnum vil ég færa þakki fyrir frábært samstarf.

Sérstaklega vill ég fá að þakka Helgu Harðardóttur sem hefur verið gjaldkeri klúbbsins í mörg ár og komið skikkan á fjármál sem og allt uppgjör sem notað er sem stjórnækí mánuð eftir mánuð. Eins og allir vita að þá verða fjármálinn að vera í lagi. En vegna anna í starfi sínu þá baðst hún undan endurkjöri og vil ég færa henni okkar bestu þakki fyrir frábær störf.

Þakklæti til Garðars Eyland, sem er miklu meira en bara framkvæmdarstjóri. Gegnheill félagsmaður sem leggur sál sína í öll verk.

Þakki til samstjórnarmanna fyrir þeirra góðu verk, samheldni og frábært samstarf á liðnu stjórnarári en eins og alltaf áður þá eru öll stjórnarstörf ólaunuð.

Kæru félagar, þakka ykkur fyrir góð kynni og endalaus þolinmæði hér í kvöld.

Jón Pétur Jónsson, formaður Golfklúbbs Reykjavíkur.